

**Fundargerð 1. fundar ferðamálaráðs sem var skipað 2022**  
**Fundur haldinn hjá Ferðamálastofu, 30. ágúst 2022, kl. 14:00**

**Dagskrá:**

1. Hlutverk, helstu verkefni og störf ferðamálaráðs.
2. Stefnumótun og aðgerðaráætlun.

**Mætt:** Sigrún Elsa Smáradóttir formaður (tilnefnd af MVF), Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (tilnefnd af FJR), Steinar Ingi Kolbeinsson (URN), Bjarnheiður Hallsdóttir (SAF), María Reynisdóttir (MVF) (staðgengill Sigrúnar Brynju Einarsdóttur/Heimis Skarphéðinssonar) og Skarphéðinn Berg Steinarsson (FMS).

**Í fjarfundi:** Arnheiður Jóhannsdóttir varaformaður (tilnefnd af MVF), Sigtryggur Magnason (IRN), Jóhannes Þór Skúlason (SAF), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (SÍS) og Páll S. Brynjarsson (tilnefndur af SAF).

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og fór yfir dagskrána. Fór yfir hlutverk ferðamálaráðs sem kemur fram í skipunarbréfi ráðsins og lögum um Ferðamálastofu nr. 96/2018.

**Umræður og afgreiðsla:**

**1. Hlutverk, helstu verkefni og störf ferðamálaráðs.**

- a. Umræður um hver helstu verkefni ættu að vera. Kallað eftir að hlutverk ráðsins væri skýrt. Mikilvægt að ráðherra heyri frá ferðamálaráði hvert það telur að helstu verkefni eigi að vera. Fundarmenn lögðu áherslu á að stefnumótun væri kláruð og að farið væri í að gera aðgerðaráætlun. Einnig var rætt um einstök verkefni sem ekki þola bið eftir að sú vinna klárast. Ákveðið var að hver og einn setji inn á Teams sínar hugmyndir varðandi þetta, listi t.d. upp þau verkefni sem ráðast þurfi strax í.

**2. Stefnumótun og aðgerðaráætlun.**

- a. Skarphéðinn fór í stuttu máli yfir þá stefnumótunavinnu sem var hafin árið 2019 í breiðri samvinnu fulltrúa þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Samtökum ferðaþjónustunnar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Stjórnstöðvar ferðamála og hagaðila um land allt. Menningar- og viðskiptaráðherra mun á næstunni ákveða hvernig þessari vinnu verður haldið áfram.

**3. Farið yfir praktísk mál**

- a. Fundað einu sinni í mánuði, að jafnaði síðasta þriðjudag í mánuði. Næsti fundur verður haldinn 27. september, Guðný boðar fund.
- b. Fundargerðir og önnur gögn verða aðgengileg hópnum á Teams. Kallað eftir bakgrunnsefni, s.s. efni frá Stjórnstöð ferðamála og Vegvísi. Guðný safnar saman og setur á Teams.
- c. Skoðað verður að birta opinberlega fundargerðir ráðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:15.

Guðný Hrafnkelsdóttir (FMS) ritaði fundargerð.